

## Alþýðdómstóll stofnaður. Veiruvörgum stefnt

Alþýðuréttarhöld (fordæmisréttarhöld – common law, natural law) við yfirheyrslur í kviðdómi (grand jury) eru nú hafin á alheimsgrundvelli. (Grand Jury Proceeding by the Peoples' Court of Public Opinion.) Rannsóknin beinist að meintum glæpum gegn mannkyni, þar sem sökudólgar eru m.a. lyfjafyrirtæki, veirusérfræðingar og stjórnvöld.

Alþýðuréttur grundvallast á þeirri sannfæringu, að hver og einn sé jafngildur þegn samfélagsins og að sjálfsvald hans megi ekki skerða, nema almenningssheill liggja við, svo metið af jafningjum eða ríkisvaldi. Alþýðuréttur starfar handan hins opinbera réttarkerfis ríkisvaldsins, en réttarhöldin miða að því að safna vitnisburði, sem gæti dugað til saksóknar í hinu opinbera réttarkerfi.

Dómstóll alþýðunnar rekur ættir til uppreisnar almennings og aðals í Englandi gegn konungi vegna allra handa ofbeldis og ofríkis af hans hálfu. (Lögbókin, „Magna Carta Libertatum,“ birt 1215.)

Nefnd grundvallarhugsun um mannhelgi og mannréttindi endurómar t.d. í sjálfstæðisbaráttu Bandaríkjamanna, frönsku byltingunni, Nürnberg- yfirlýsingunni (gegn tilraunaofbeldi), mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna, yfirlýsingu Mennta-, vísinda og menningarmálastofnunar SP (United Nations Educational, Scientific and Cultural Organization – UNESCO) um lífsiðferði og mannréttindi (2005).

Það eru fjórir meginliðir í umfjöllun kviðdómsins (hér endursagt í grófum dráttum á grundvelli framsögu þýska lögfræðingsins, Reiner Füllmich):

1) Það er í raun engin kórónaveirufarsótt, heldur ásetningur um að baka tjón m.a. við beitingu PCR prófa til að hrella þjóðir heims og halda þeim í heljargreipum óttans. Áætlunin á langa forsögu. Hún dregur dóm af svínaflensunni fyrir u.þ.b. tólf árum síðan, sköpuð af hatursfullu, geðveikluðu fólki, sem rekið var áfram af hvötinni til að ríkja yfir veröldinni. Þetta fólk nýtur stuðnings stjórnvalda og fjölmiðla, sem margir hverjir eru í þeirra eigu.

2) Veirusýkinguna má lækna með ýmsum hætti. En meðferð var bönnuð af yfirvöldum til að stuðla að bólusetningu með hættulegu bóluefni.

3) Það eru sömu aðiljar, sem með sviksömum hætti og endurskilgreiningu á farsótt, settu svínaflensuna á svið, sem einnig sköpuðu Covid-19 fárið. Þá eins og nú snerist málið um auð. Stjórnvöld hafa gengið í eina sæng með auðjöfrunum í Alheimsefnahagsráðinu (World Economic Forum) og ganga erinda þeirra. Þau er því

ekki okkar stjórnvöld lengur. Bill Gates og Angela Merkel voru útskrifið úr skóla þess árið 1992. Síðar komu m.a. Sebastian Kurz, Justin Trudeau, Jacinda Ardern, Francois Macron. [Katrín okkar Jakobsdóttir er einnig skólagengin hjá Alþjóðæfnahagsstofnuninni og virkur þátttakandi.]

4) Takmark umræddra er að ná völdum í veröldinni með því að rústa minni og meðalstórum fyrirtækjum, takmarka fólksfjölgun og ráðskast með erfðavísa mannkyns. Lýðræðið er þeim fjötur um fót eins og stjórnarskrá og löggjöf. Í því skyni að eyðileggja hvort tveggja, skapa þeir ringulreið og skelfingu. Alheimsstjórn er undirbúin undir merkjum Sameinuðu þjóðanna, sem nú þegar er undir stjórn þeirra og Alheimsefnahagsráðsins. Þannig verða þurrkuð út séreinkenni þjóða og menning. Fólk verður skyldað til að bera stafrænt vegabréf, þar sem allt er skráð. Það auðveldar taumhald á fólki. Þar að auki er í bígerð rafmynt fyrir alla veröldina, sem útgefin verður í einum Alþjóðabanka.

Skipulagning kórónuveirufaraldursins hófst í síðasta lagi vorið 2001, „áætlun myrkur vetur“ (operation dark winter). Síðar komu æfingar eins og „sporgöngu og fót fjötra“ - æfing Rockefeller stofnunarinnar (Lockstep exercise) árið 2010 og að endingu „Atburður 201“ (Event 201) í október 2019 í Nýju Jórvík (NY).

Bakhjarlar þeirrar síðastnefndu voru Miðstöð heilsufarsöryggis við John Hopkins háskólann, Rockefeller stofnunin, Alheimsefnahagsráðið og Stofnun Bill og Melinda Gates. [Þær tvær síðarnefndu hafa einnig veitt ógnarlegum fjármunum í kvenfrelsunarbaráttuna. Markmið kvenfrelsaranna er líka að tæta sundur fjölskylduna, siði og menningu þjóða.]

Spjótin beinast einkum að eftirtöldum:

Christian Drosten (f. 1972), veirufræðingi frá Þýsklandi („föður“ PCR „prófsins“).

Anthony Fauci (f. 1940), forstjóra Ofnæmis- og smitsjúkdómastofnunar BNA (National Institute of Allergy and Infectious diseases).

Tedros Adhanom Ghebreyesus (f. 1965), ættaður frá Eritreu, MA í ónæmisfræði og doktor í lýðheilbrigði (community health).

Bill Gates (f. 1955), bandarískum auðjofri, sem hefur ítök víða um heim.

Black Rock, alþjóðlegum fjárfestingasjóði, sem teygir anga sína um alþjóðasamfélagið.

Pfizer, alþjóðlegt lyfjafyrirtæki. [Fyrirtækið hefur í áratugi verið alræmt fyrir svik og pretti. Íslensku Pfizer fóstbræðurnir, Þórólfur og Kári, höfðu að fyrra bragði samband við fyrirtækið til að bjóða því til tilraunasamvinnu á Íslendingum með bóluefni þess.]

Almenningur víða um heim gerir á líðandi stundu uppreisn gegn veirufári stjórnvalda. Mótmæli almennings í Þýskalandi (mánudagsgöngutúrarnir) og vörubifreiðarstjóra í Kanada eru mest áberandi, en málshöfðanir í hinu opinbera réttarkerfi eiga sér einnig stað. T.d. fara nú indverskir foreldrar fram á skaðabætur fyrir börn sín, sem fallið í valinn vegna bólusetningar. Þeir fara jafnframt fram á rannsókn á spillingu í stjórnkerfinu.

Þekkt er málshöfðun á Íslandi, þar sem látið var reyna á gildi PCR prófs og lagaheimild fyrir þeirri ráðstöfun að þvinga sakarabera í sóttvarnareinangrun. Það mál tapaðist. Þórólfur varðist með tilvísun til „ábyrga“ stofnana í útlöndum, m.a. til stofnunar Anthony Fauci.

Nýlega var Pfizer dæmt til að opinbera öll grundvallargögn í sambandi við framleiðslu á og tilraunir með bóluefni sitt. Fyrirtækið færir undan með þeirri röksemd, að gögnin séu svo viðamikil og starfslið svo fámennt, að það muni taka áratugi að ljósrita þau.

<https://www.tiktok.com/@cavemoux/video/7061591429088414982?lang=en>

<https://steigan.no/2022/02/storjuryen-for-a-avdekke-covid-forbrytelsene-mot-menneskeheten/>

<https://www.grand-jury.net/>

<https://www.youtube.com/watch?v=ELTFNkCdzjA>